

Landbúnaðarnefndarfundur haldinn á skrifstofu Langanesbyggðar þann 10. mars kl: 12:00.

Mættir voru Krzysztof Krawczyk, Kristján Indriðason, Indriði Þóroddsson, Ævar Rafn Marinósson, Ágúst Guðröðarson og Björn Guðmundur Björnsson sem ritaði fundargerð.

Dagskrá fundarins:

1. Drög að fjallskilasamþykkt fyrir svæði austan Vaðlaheiðar að vestari mörkum Vopnafjarðarhrepps.

Drögin voru yfirfarin og mikið rædd. Eftirfarandi tillaga lögð fram:

Tillaga að breytingu á heiti fjallskilasamþykktarinnar og að hún verði: “Fjallskilasamþykkt fyrir svæðið austan Vaðlaheiðar að mörkum Langanesbyggðar og Vopnafjarðarhrepps“

Samþykkt samhljóða.

Tillaga um breytingu á 13. grein er varðar fjárréttir. Í Langanesdeild vestri verði aðalréttir: Hallgilsstaðarétt og Ósrétt og í Langanesdeild eystri verði aðalrétt: Miðfjarðarnesrétt.

Samþykkt samhljóða

Fleira ekki rætt. Fundargerð upplesin og samþykkt samhljóða.

Fundi slitið kl: 13:28.